



Júlíus Geirmundsson ÍS 270

Bókun

Mál nr.: 2024-058-S-024

Dagsetning: 24. október 2024

Staðsetning: Reykjavíkjardaráll

Atvik: Skipverji slasast

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Samantekt.

Þann 24 október 2024 var Júlíus Geirmundsson að veiðum í Reykjafjarðarál. Veður var norð-vestan 14-16 m/sek og upp í 20 í hviðum. Skipverji klemmdist á fæti milli bobbinga og rörs þegar verið var að vinna við veiðarfæri á efra þilfari. Þyrla Landhelgisgæslunnar sótti skipverjann og flutti hann til Reykjavíkur á sjúkrahús.

1. Helstu staðreyndir

Skipaskrár. nr. 1977

Útgerð: Hraðfrystihúsið Gunnvör hf.

Smíðaður: Pólland

Stærð: 1402 BT

Mesta lengd: 57,58 m

Skráð lengd: 54,24 m

Breidd: 12,10 m

Vél: WARTSILA, 2460 kW

Fjöldi skipverja: 25



2. Atvikalýsing

Þann 24. október 2024 klukkan 18:30 var Júlíus Geirmundsson að veiðum í Reykjafjarðarál. Veður var norðvestan 14-16 m/sek og upp í 20 m/sek í hviðum.

Verið var að skipta um grandara stjórnborðsmegin á bakborðstrolli skipsins. Var hinn slasaði að setja saman síðasta lásinn á grandaranum og næsta verk hefði verið að hífa stjórnborðs grandarann inn á spilið og slaka því næst bakborðsgrandaranum af bakborðs spili til að skipta um hann.


Skipverji ætlaði að búa sig undir að slaka á bakborðsspilinu og fór yfir stjórnborðsspilið en rak sig í stjórnstöng þess með þeim afleiðingum að spilið hífði.

Hinn slasaði sneri bakinu í stjórnborðsspilið við vinnu sína við að setja saman lásinn á grandaranum. Þegar spilið byrjaði að taka í grandarann ýtti bobbingur hinum slasaða upp að spilinu og klemmdi vinstri fót hans milli bobbinga og rörs við spilið. Rörið átti að varna því að bobbingurinn geti farið inn á það. (Sjá mynd)

Var skipverjinn fluttur inn í sjúkraklefa skipsins og í framhaldinu haft samband við lækni í gegn um vaktstöð siglinga og varð niðurstaðan sú að senda þylu eftir hinum slasaða.

Siglt var áleiðis til Sauðárkróks og var þylan komin að skipinu þegar það var statt 23 sjómíllur NV af Skagatá um kl. 20:45. Búið var hífa maðurinn um borð í þyluna klukkan 21:10

Reyndist maðurinn vera með áverka á fæti.



Rör og bobbingur þar sem maðurinn klemmdist á milli



3. Greining

Skipverji fór yfir grandaraspil fyrir stjórnborðs grandara á bakborðs trolli. Var hann að stytta sér leið en hefðbundna leiðin fram fyrir það var önnur. Rak hann annan fótinn í stjórnbúnað spilsins með þeim afleiðingum að það fór af stað. Verið var að vinna við veiðarfæri tengt þessu sama spili. Var það ástæða slyssins.

Mikilvæg ábending

Gæta þarf fyllstu varúðar og halda athygli þegar verið er að vinna við spil og veiðarfæri skipa.

Hilmar Snorrason

Pálmi Jónsson

Hjörtur Emilsson

Jón Finnbjörnsson

Guðmundur Freyr Úlfarsson

Geirprúður Alfreðsdóttir

